

Smiðjur – 8

7. og 8. bekkur 26. apríl – 25. maí

Myndmennt – portrett (andlit)


Kennari: Vilma

Ef þig langar til að æfa þig í að teikna og skyggja andlit þá er þetta smiðjan fyrir þig. Við æfum okkur í að teikna og skyggja andlit og andlitshluta eins og augu, nef og munn og notum jafnvel málningu eða liti.

Hæfniviðmið: Að nemendur geti

- notað mismunandi blýanta og önnur verkfæri til að ná fram skuggaáhrifum í mynd

Námsmat: Einkunn er gefin í bókstöfum og til grundvallar er eftirfarandi; Símat og leiðsagnarmat þar sem eftirtaldir þættir eru metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði og sköpun, vandvirkni, samskipti, umgengni og ábyrgð á eigin vinnusvæði auk þeirra hæfniviðmiða sem talin eru hér.



Grafísk hönnun – lógóið mitt

Kennari: Silla

Nemendur útbúa lógó fyrir sjálfan sig, sem er lýsandi fyrir þeirra karakter eða áhugamál. Hægt er að vinna hugmyndir út frá nafni viðkomandi eða upphafsstaf og myndgera á áhugaverðan hátt.

Nemendur byrja á því að skissa niður hugmyndir og þróa eina til tvær hugmyndir áfram. Merkið er síðan hreinteiknað og litað.

Hæfniviðmið: Að nemendur

- þekki muninn á grafískri hönnun og myndlist
- geti myndgert hugmynd á einfaldan hátt

Námsmat: Einkunn er gefin í bókstöfum og til grundvallar er eftirfarandi; Símat og leiðsagnarmat þar sem eftirtaldir þættir eru metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði og sköpun, vandvirkni, samskipti, umgengni og ábyrgð á eigin vinnusvæði auk þeirra hæfniviðmiða sem talin eru hér.



Textílmennt - Útsaumur

Kennari: Ingibjörg

Verkefni: Nemandinn velur sér að sauma annað hvort með krosssaum eða öðrum útsaum málshátt, máltak eða annað skemmtilegt orðasamband

Hæfniviðmið: Að nemendur geti

- Geti öðlast færni að sauma útsaumsspor og nota þau til skreytingar textíl verkefna
- saumað beinan saum og víxl saum á saumavél

Námsmarkmið: Að nemandinn læri að sauma út og nota hann til að gera fallega nytja hluti. Hann rifjar einnig upp kynni sín af saumavélinni við hönnun verkefnisins.

Námsmat: Símat er í hverjum tíma þar sem gefið er fyrir vinnusemi, vandvirkni, frumkvæði, verkfærni og samskipti. Í lok námskeiðsins er gefið í bókstöfum samkvæmt aðalnámskrá og merkt í hæfniviðmið í Mentor.

Hönnun og smíði - Bakkasmíði

Kennari: Ingólfur

Í þessari smíðju smíða nemendur bakka úr birkkrossvið. Unnið er eftir vinnuteikningu og verklýsingu og hér skiptir máli að mæla, saga og fella saman af nákvæmni þá ólíku hluta sem gera bakkann.

Hæfniviðmið: Að nemendur geti

- lesið einfalda teikningu og smíðað eftir henni
- unnið sjálfstætt eftir verkáætlun
- útskýrt réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað
- valið samsetningu og og yfirborðsmeðferð sem hæfir verkefnum



Námsmat: Einkunn er gefin í bókstöfum og til grundvallar er eftirfarandi;

Símat og leiðsagnarmat þar sem eftirtaldir þættir eru metnir til jafns: Vinnusemi, trumkvæði og skopun, vandvirkni, samskipti, umgengni og ábyrgð á eigin vinnusvæði auk þeirra hæfniviðmiða sem talin eru hér að ofan.



Vorið kallar

Kennari: Eydís

Staður: Stærðfræði 2

Við ætlum að fylgjast með vorinu vaxa, sjá hvernig náttúran lifnar við og leika okkur úti. Við skreppum í stuttar ferðir, kveikjum eld og bökum eða grillum eitthvað, tálum, rannsökum og prófum ýmislegt. Við kíkjum á fuglalíf og annað líf sem leynist utandyra. Ef til vill förum við í ferð sem tekur lengri tíma ef smíðjutími leyfir og þá er gefið frí á móti. Þegar veðrið er vont skipuleggjum við og undirbúum næstu útiveru.

Hæfniviðmið: Að nemendur geti:

- lært af mistökum og nýtt sér óvæntar niðurstöður við lausn verkefna á skapandi hátt,
- unnið með öðrum og tekið á jákvæðan hátt þátt í samskiptum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi



Leiklist

Kennari: Álfheiður

Staður: Íslenskustofa

Á þessu námskeiði ætlum við að nýta okkur ýmsar aðferðir leiklistar til að dýpka skilning okkar á okkur sjálfum, mannlegu eðli og samskiptum. Leikur og sköpun munu skipa stóran sess á námskeiðinu og við munum gera alls kyns æfingar, fara í leiki, spinna, skrifa örleikrit sem við flytjum hvert fyrir annað og ýmislegt fleira sem tengist leiklist.

Hæfniviðmið: Að nemendur geti

- tekið þátt í samvinnu með sameiginlegt markmið hópsins að leiðarljósi
- unnið í hópi að fjölbreyttum leiklistarverkefnum
- prófað sig áfram og valið úr túlkunarleiðum á mismunandi tegundum texta

Námsmat: Metin er vinna og þátttaka í tímum þar sem vinnusemi, ábyrgð, umgengni og samskipti eru til grundvallar. Í lok námskeiðs verða hæfniviðmið metin og gefin einkunn samkvæmt námskrá.

Íþróttir

Kennari: Villi

Staður: Íþróttasalur

Markmið og verkefni: Að bjóða upp á eitthvað við allra hæfi

Markmið smiðjunnar er að bjóða upp á eitthvað við allra hæfi þar sem farið verður í fjölbreyttar íþróttir og ýmislegt prófað, þar á meðal glænýir leikir. Þó verður einnig heimsótt sívinsæla leiki á við Counter strike og Hunger Games.

Námsmat: Námsmat er í formi símats og frammistöðumats og gefið er í bókstöfum. Til grundvallar námsmati eru eftirfarandi þættir metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði, framkoma og umgengni.